

## 4

26. jan.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum konum og börnum, er heima eiga í Gilsbakka- og Síðumúlasóknum, hjálp er veikindi bera að höndum. Einnig má veita fátækum sængurkonum styrk, ef þörf sýnist, þó ekki sé um sérstök veikindi að ræða. Þyki eigi ástæða til úthlutunar eitthvert ár, á nokkru af vöxtunum, eða þeim  $\frac{3}{4}$  öllum, er úthluta má, leggst það sem ekki er úthlutað við höfuðstólinn. — Höfuðstólinn má aldrei skerða.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Oddvitar sóknarnefndanna í Gilsbakka- og Síðumúlasóknum. Hinn þriðji sé kosinn af kvenfélagi Hvítársíðuhrepps. Leggist það félag niður, er sóknarpresturinn að Gilsbakka sjálfkjörinn þriðji maður í stjórnina.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnin hefir á hendi fjárreiður og reikningshald sjóðsins. Hún dæmir um þörf fyrir styrk og úthlutar honum samkvæmt því. Ætlast er til, að stjórn sjóðsins vinni kauplaust.

## 5. gr.

Stjórn minningarsjóðsins skal hafa gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsækjendur um styrk úr sjóðnum, úthlutun styrks til sjúklinga og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og allt annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld.

Reikningar sjóðsins skulu miðaðir við almanaksár og lagðir fyrir endurskoðun ásamt sveitarsjóðsreikningi Hvítársíðuhrepps.

## 6. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## 7. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Stofnendur óskuðu eftir því að undirrituð setti ákvæði um sjóð þenna og samkvæmt því er skipulagsskrá þessi gerð.

Sámsstöðum, 22. ágúst 1936.

Margrét Sigurðardóttir.

## 5

28. jan.

## AUGLÝSING

## um skírteini fyrir bátáformenn.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 104, 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, hefir sá einn rétt til að vera formaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—15 rúmlesta að stærð, og sem ætlast er til, að komi daglega að landi, sem leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af lögreglustjóra til 5 ára í senn, eftir tillögum skólustjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

- a. þekki á áttavita,
- b. kunnir alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunnir að nota þær,
- c. kunnir að setja stefnur og miðanir á sjókort eftir seguláttum,
- d. kunnir að nota vegmæli og handlóð í sambandi við sjókort,

- e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota 5  
 algengustu björgunartæki, 28. jan.
- f. kunni að finna hvenær flóð verður og fjara,
- g. þekki reglur um lífgun druknaðra manna,
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn,
- i. sé 18 ára að aldri,
- j. sanni með sjóferðabók eða vottorðum, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur að framan, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem atvinnumálaráðuneytið tiltekur.

Ráðuneytið ákveður að fyrrgreind svæði skuli vera sem hér segir:

Reykjavíkurdæmi: Frá Þjórsá að Hítará.

Ólafsvíkurdæmi: Frá Hítará að Búlandshöfða.

Stykkishólmsdæmi: Frá Búlandshöfða að sýslumörkum Dalasýslu.

Dalasýsluudæmi: Frá sýslumörkum Snæfellsnessýslu og Dalasýslu að Gilsfjarðarbotni.

Flateyjarudæmi: Frá Gilsfjarðarbotni, Barðaströnd að Látrabjargi, ásamt þeim eyjum, er heyra til Barðastrandarsýslu.

Patreksfjarðarudæmi: Frá Látrabjargi að Kópanesi.

Bíldudalsudæmi: Allur Arnarfjörður.

Þingeyrarudæmi: Allur Dýrafjörður.

Flateyrarudæmi: Allur Önundarfjörður.

Suðureyrarudæmi: Allur Súgandafjörður.

Ísafjarðarudæmi: Frá Gelli að Geirhólma.

Hólmavíkurdæmi: Frá Geirhólma að Hrutafjarðará.

Blönduóssumdæmi: Frá Hrutafjarðará að Skagatá.

Sauðárkróksumdæmi: Frá Skagatá að Haganesvík.

Síglufjarðarudæmi: Haganesvík, Síglufjörður og Héðinsfjörður.

Ólafsfjarðarudæmi: Ólafsfjörður.

Akureyrarudæmi: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri.

Húsavíkurdæmi: Frá Gjögri að Langanesi.

Seyðisfjarðarudæmi: Frá Langanesi að Dalatá.

Norðfjarðarudæmi: Frá Dalatá að Gerpi.

Eskifjarðarudæmi: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.

Fáskrúðsfjarðarudæmi: Fáskrúðsfjörður og að Austurhorni.

Hornafjarðarudæmi: Frá Austurhorni að Skaftárós.

Víkurdæmi: Frá Skaftárós að Þjórsá.

Vestmannaeyjaudæmi: Vestmannaeyjar.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri út skirteini, sem veitir rétt til for­mennsku á skipi 6—15 rúmlestir að stærð.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. janúar 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*